

Félag Látramanna
Naustavör 50
200 Kópavogur

Reykjavík, 7. september 2023
UST202308-130/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum-viðhald bryggju Látrar í Aðalvík

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Félags Látramanna, dagsett 17. ágúst 2023, um leyfi til framkvæmda innan Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að endurbyggja bryggju sem er ílla farin við Látra í Aðalvík. Gönguplatan verður losuð af núverandi bryggju og grjótpokar sem þar eru undir losaðir. Grjótið sem verður losað úr pokunum verður áfram nýtt í fyllingar í bryggjunni og viðbótarefni tekið úr fjörunni við bryggjuna. Gönguplatan verður síðan fest aftur á bryggjuna. Framkvæmdir fara ekki fram á grónu svæði. Gengið verður frá svæðinu að framkvæmdum loknum en sjórin mun fjarlægja endanleg ummerki eftir framkvæmdirnar. Við framkvæmdina yrði notuð 3 tónna grafa sem yrði flutt inn á svæðið með pramma frá Ísafirði. Grafan yrði sett í land í fjörunni við bryggjuna. Ef veður verður óhagstætt og ekki unnt að flytja gröfuna til Ísafjarðar að framkvæmdum loknum verður henni ekið eftir vegslóða að húsi á svæðinu og geymd þar í vetur. Áætlað er að fara í framkvæmdina 7.-15. september 2023 og kæmu 10-15 manns að verkinu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina, miðað við lýsingu umsækjanda, ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á náttúruvar og verndargildi svæðisins til lengri tíma sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Grafan verður eingöngu notuð til að laga bryggjuna á Látrum og í grjótplutninga vegna framkvæmdarinnar. Mikilvægt er að hafa í huga að fara um með gröfuna þannig að hún valdi sem minnstu raski á umhverfi sínu og að hún verði eingöngu notuð til þess verkefnis sem fram kemur í umsókninni.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Félagi Látramanna fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni við bryggjuna innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan 7.-15. september 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Einungis skal aka gröfu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- **Ef upp koma aðstæður sem krefjast frekari notkunar á tækinu en tilgreind er í umsókn umsækjand þarf að sækja um það sérstaklega.**

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormssdóttir
sviðsstjóri

Kristín Ósk Jónasdóttir
sérfræðingur